

# Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2014-2015

Flutt á aðalfundi félagsins 26. febrúar 2014  
46. starfsári að ljúka

Eins og undarfarin ár hefur nýliðið starfsár Ský verið viðburðaríkt og félaginu til sóma. Markmið Ský eru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegrri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi.

Á árinu tókst stjórn, faghópum og framkvæmdastjóra að uppfylla þessi markmið og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið síðustu ár. Árið 2006 voru félagsmenn í Ský 914 talsins og höfðu þá aldrei verið fleiri, á árunum þar á eftir fækkaði jafnt og þétt í félaginu og 2011 hafði félagsmönnum fækkað um tæplega 200 á 6 árum. Sem betur fer hefur félaginu tekist að snúa þessari þróun við og frá 2011 hefur fjölgað jafnt og þétt í félaginu. Rúmlega hundrað bættust í hópinn á nýliðnu ári og eru félagsmenn því orðnir **991** og hafa aldrei verið fleiri. Stefnan er þó að bæta áfram í hópinn og ná eitt þúsundasta félagsmanninum á komandi starfsári. Tengslanet Ský (félagsmenn + póstlisti) hefur samhliða þessu stækkað ár frá ári og hefur frá á 2009 meira en tvöfaldast. Nú eru **4809** í tengslanetinu í heild og er það einnig nýtt met.

## Stjórn Ský starfsárið 2014-2015

Guðjón Karl Arnarson, formaður  
Ragnheiður M. Magnúsdóttir, varaformaður  
Guðmundur Arnar Þórðarson, gjaldkeri  
Sigrún Gunnarsdóttir, ritari  
Sigurður Friðrik Pétursson, meðstjórnandi  
Þorvarður Kári Ólafsson, varamaður  
Ólafur Tr. Þorsteinsson, varamaður

Stjórnin hélt 10 bókaða stjórnarfundum auk nokkurra vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

## Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir 24 atburðum á árinu 2014, sem er örlítið færri viðburðir en á fyrra ári en þá voru þeir 28. Viðburðirnir í ár hafa flestir verið fjölmennari en í fyrra. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Yfirlit yfir viðburði er að finna á vefsíðunni [www.sky.is](http://www.sky.is) undir „Liðnir atburðir“.

Í ár var UTmessan hinn glæsilegasti viðburður og má Ský vera stolt af því að standa að slíkum viðburði. UTmessan var haldin í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Samtök iðnaðarins og Platínium samstarfsaðila. Tilgangur UTmessunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrif hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Markmiðið er að sjá marktæka fjölgun nemenda sem velja sér tæknigreinar sem svið í háskólum landsins. Einnig viljum við tengja upplýsingatæknina betur við skólastarf og atvinnulíf og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs. Viðburðurinn var gífurlega vel sóttur, tæplega þúsund manns voru í Hörpu á föstudeginum þegar ráðstefnuhluti UTmessunnar fór fram og nálægt 8 þúsund manns mættu á laugardeginum þegar sýning opin almenningi fór fram.

## UT verðlaun Ský

Frá árinu 2010 hefur Ský veitt árlega Upplýsingatækniverðlaun Ský. Um er að ræða heiðursverðlaun að danskri fyrirmynd fyrir framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Reglur verðlaunanna kveða á um að verðlaunað sé framtak sem þegar hafi sannað sig og því er ekki um sprota- eða hugmyndaverðlaun að ræða. Að þessu sinni hlaut Hjálmar Gíslason stofnandi Datamarket og fleiri fyrirtækja UT verðlaunin. Meðal þess sem kemur fram í rökstuðningi dómnefndar er Hjálmar hafi alltaf verið opin og fyrir því hvernig nýta megi

upplýsingatækni til að bæta samfélagið sem og að hann sé góð fyrirmynd með víðtæka þekkingu og reynslu af upplýsingatækni.

## Tímaritið Tölvumál, ritnefnd, orðanefnd og siðanefnd

Ritnefnd hélt allmarga fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom út í lok nóvember. Efnistökblaðsins í ár var „listræn tækni“. Blaðið var sent til félagsmanna Ský og einnig var því dreift á UTmessunni til gesta og gangandi. Vefútgáfu Tölvumála má finna á vef Ský ([www.sky.is](http://www.sky.is)) og kemur ný grein þar vikulega. Sífellt má sjá aukningu í lestri þar. Ritnefnd hefur undanfarin ár unnið glæsilegt starf en sífellt vöntun er á fleira fólki til þess að taka upp pennann (eða í okkar tilfalli lyklaborðið) og rita greinar.

Orðanefnd Ský hefur lítið starfað á árinu en verið er að leita að aðilum sem hafa áhuga á að koma inn í starfið og nálgast viðfangsefnið með nýjum hætti.

Siðanefnd hefur ekki starfað á vegum Ský síðustu starfsár en vilji er til að koma henni af stað aftur og óskum við eftir félagsmönnum sem áhuga hafa á málefnum að gefa sig fram.

## Faghópar

Á liðandi starfsári hægði töluvert á fjölgun skráninga í faghópa en árið á undan hafði verið töluverð aukning í flestum hópanna. Hástökkvari ársins er faghópur um vefstjórnun en hann var nálægt því að tvöfaldast og er því fjölmennasti faghópur Ský með 154 skráða meðlimi, Öryggishópurinn sem hafði verið fjölmennastur bætti aðeins við sig tveimur en gera má ráð fyrir því að þar verði spýtt í lófana til þess að ná aftur toppsætinu.

Þó svo að minni fjölgun hafi verið í faghópunum á árinu, og jafnvel fækkun í örfáum tilfellum, þá var starf þeirra jafn glæsilegt og áður. Þeirri venju hefur verið fylgt að hver faghópur sjái um að minnsta kosti einn stærri viðburð á vegum Ský á ári og svo var einnig í ár.

Faghópar Ský starfsárið 2014-15 eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, félagar 99 en voru 98.
- Öldungadeild, félagar 56 en voru 58.
- Fjarskiptahópur, félagar 102 en voru 97.
- Öryggishópur, félagar 102 en voru 100.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, félagar 100 en voru 91.
- Faghópur um vefstjórnun, félagar 154 en voru 81.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar 97 en voru 82.
- Faghópur um rekstur tölvukerfa, félagar 74 en voru 72.
- Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT, félagar 53 en voru 32.

Starf faghópanna er mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins og aldrei að vita nema fleiri faghópar líti dagsins ljós í nánustu framtíð.

## Ritun sögu tölvuvæðingar

Haustið 2014 voru liðin 50 ár síðan fyrsta tölvan kom til Íslands að því tilefni átti Öldungadeild Ský frumkvæði að því að hafist yrði handa við að rita sögu tölvuvæðingar á Ísland. Í ritnefnd eru Sigurður Bergsveinsson (ritstjóri), Frosti Bergsson, Vilhjálmur Þorsteinsson, Gunnar Ingimundarson, Sigríður Olgeirsdóttir, Arnlaugur Guðmundsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Arnheiður Guðmundsdóttir. Það er Þorgrímur Gestsson sem annast ritunina. Verkefnið er fjármagnað af styrkjum og hvet ég þá sem vilja leggja því lið að hafa samband við Ský. Áætlað er að ritið verði tilbúið seinnihluta 2015.

## Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er aðili að fagráði Staðlaráðs Íslands í upplýsingatækni, FUT og situr Arna Harðardóttir í stjórn fyrir hönd félagsins. Þá hefur félagið fulltrúa í stjórn Persónuverndar, Sigrúnu Gunnarsdóttur. Félagið er einnig aðili að Icepro.

## Erlent samstarf

Skýrslutæknifélag Íslands hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári og erum við þátttakendur í verkefni sem felst í að hvetja konur til að fara í tölvutengt nám, ICT-Women task force. Þar hefur sterklega komið fram að öll evrópulöndin eru að glíma við að reyna að fá ungt fólk til að fara í tæknimiðað nám og sérstaklega ungar konur. Gaman er að segja frá því að næsti Council meeting samtakanna verður á Íslandi þann 18. apríl í framhaldi af boði Ský að fá fundinn til landsins.

Ský var til margra ára aðili að International Federation of Information Processing (IFIP), alþjóðasamtökum skýrslutæknifélaga, en hefur ekki verið virkur félagi síðustu 2 árin. Nokkrir félagsmenn Ský eru þó fulltrúar Ský í IFIP.

## Afkoma félagsins

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins 2015 var afkoman á árinu mjög góð og skilar félagið hagnaði uppá 8,2 milljónir kr. en hagnaður var í fyrra rúmlega 750 þúsund kr. Það er ljóst að hagnaður fór töluvert fram úr áætlunum en þar vegur UTmessan þyngst. Áhætta í rekstri hefur sömuleiðis aukist töluvert með tilkomu viðburðar af þessari stærðargráðu. Það er alls ekki markmið stjórnar að reka félagið með þetta miklum hagnaði en ljóst er að eftir sem áður er nauðsynlegt er að halda vel á spöðunum og halda uppi öflugum fræðslustarfi á árinu til að halda sama striki.

## Lokaorð

Skýrslutæknifélag Íslands er nú 46 ára og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu með einum starfsmanni ásamt því að síðasta árið hefur komið starfsmaður inn í tímavinnu á álagstímum. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Framkvæmdastjóri félagsins á enn og aftur lof skilið fyrir það mikla starf sem hún hefur innt af hendi á árinu. Hún hefur sýnt mikla hæfileika í verkefnastjórn á stórum sem litlum viðburðum og er þeim kostum gædd að draga fram í dagsljósið allt það besta sem félagsmenn Ský og aðrir í upplýsingatækniheiminum hafa upp á að bjóða. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári.

Á síðasta aðalfundi urðu tvær breytingar á stjórn Ský. Hjörtur Grétarsson, meðstjórnandi gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og viljum við þakka honum fyrir vel unnin störf á undanförunum árum. Þar sem gerðar voru breytingar á samþykktum Ský þannig að stjórnarmönnum og varamönnum fækkar úr 8 í 7 þá þurfti ekki að kjósa nýjan aðila í stjórn fyrir Hjört. Sigrún Gunnarsdóttir hætti sem formaður en hún hafði gegnt því embætti frá árinu 2010 og þökkum henni vel unnin formannsstörf. Til allrar lukku hélt Sigrún þó áfram í stjórn Ský. Í stað Sigrúnar var Guðjón Karl Arnarson kjörinn formaður.

---

Ragnheiður og Sigurður hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en aðrir gefa kost á sér áfram. Við þökkum Ragnheiði og Sigurði fyrir gott samstarf undanfarin ár og tökum með tilhlökkun á móti nýjum stjórnarmönnum.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands,  
Guðjón Karl Arnarson, formaður.